

## Heimasíða HÍN opnar - [www.hin.is](http://www.hin.is)

Eins og greint hefur verið frá í fyrri félagsbréfum hefur stjórn HÍN unnið á undanförunum mánuðum að uppsetningu á heimasíðu fyrir félagið. Nú hyllir undir verklok og verður heimasíðan formlega tekin í gagnid og opnuð **mánudag 28. nóvember nk.** kl. 17:15, í stofu 132 í Öskju, Náttúrufræðahúsi Háskólans, en þá er jafnframt haldið fræðsluerindi á vegum HÍN (sjá bls. 2).

Veffang HÍN er <http://www.hin.is>

Á heimasíðunni verður hægt að sækja ýmsar upplýsingar um starfsemi félagsins, s.s. um fræðslufundi, fræðsluferðir og málefni Náttúrufræðingsins. Einn helsti kostur heimasíðunnar felst vafalítið í þeirri nýjung að nú geta félagsmenn jafnt sem aðrir nálgast yfirlit á öllum greinum í Náttúrufræðingnum sem gefnar hafa verið út frá upphafi. Útgáfa á Náttúrufræðingnum hófst árið 1931 og fram til ársins 2004 hafa komið út 72 árgangar.

Líta má á efnisyfirlit Náttúrufræðingsins sem upplýsingaveitu og með góðu aðgengi á veraldarvefnum opnast á vissan hátt flóðgáttir í náttúrufræðum fyrir landsmenn. Þá gefst netverjum í fyrsta sinn tækifæri á að nálgast á auðveldan hátt heildstætt yfirlit yfir tæplega 5600 greinar og pistla um hin aðskiljanlegustu málefni náttúrufræðinnar sem rituð hafa verið í Náttúrufræðingnum fram til þessa.

Til að byrja með verður leitarviðmótið í Náttúrufræðingnum með einföldu sniði, þ.e. að hægt verður að ná í upplýsingar um fyrsta höfund greinar, heiti greinar, blaðsíðutal, númer árgangs, heftis og útgáfuár. Þegar fram líða stundir er stefnt að því að bæta viðmótið, m.a. þannig að kalla megi fram ágríp af greinum og heilar greinar með notkun samsettra lykilorða.

Hið íslenska náttúrufræðifélag  
Afgreiðsla félagsins er hjá Náttúrufræðistofnun Íslands  
Hlemmi 3, 125 Reykjavík  
Netfang: [hin@hin.is](mailto:hin@hin.is)  
Sími: 5900500  
Ábm. félagsbréfs: Hilmar J. Malmquist

## Félagsbréf



4. tölublað

Október 2005

30. árgangur

## Kórallar við Ísland

### Fræðsluerindi HÍN mánudag 31. október

Næsta fræðsluerindi HÍN verður haldið nk. **mánudag 31. október, kl. 17:15, í stofu 132, í Öskju**, nýja Náttúrufræðahúsinu við Sturlugötu. Fyrirlesari verður dr. **Sigmar Arnar Steingrímsson** sjávarlíffræðingur á Hafrannsóknastofnuninni og flytur erindi sem hann nefnir; „*Kórallar við Ísland.*“

Djúpsjávarkórallassvæði er víða að finna í Norður-Atlantshafi. Vistfræði kórallassvæða er lítið þekkt en þó er vitað að þau eru búsvæði fyrir mjög fjölbreytt dýralíf. Djúpsjávarkórallar eru taldir sérstaklega viðkvæmir fyrir hnjaski frá veiðum því þeir brotna og drepast þegar veiðarfæri rekt í þá. Ef kórallinn drepest hefur það einnig alvarlegar afleiðingar fyrir þau dýr sem nýta hann sem búsvæði.

Undanfarin ár hefur hröð þróun í gerð botnkorta og neðansjávarmyndatöku, leitt til mikilla framfara í könnun á lífríki og búsvæðum sjávarbotnsins. Nýlega hófust rannsóknir Hafrannsóknastofnunarinnar á kórallassvæðum við Ísland og lífríki þeirra. Gerð voru nákvæm botnkort af þekktum kórallassvæðum suður af landinu og notaður fjarstýrður kaþbátur til að mynda lífríki kórallassvæða og afla gagna um ástand þeirra. Á grundvelli fyrstu niðurstaðna gerði Hafrannsóknastofnunin tillögur um friðun nokkurra kórallassvæða fyrir öllum veiðum.

Svæði í hafi, sem eru talin sérstaklega viðkvæm, einkennast m.a. af því að þar lifa lífverur sem vaxa hægt og að það tekur langan tíma fyrir þær að breiðast út. Kórallasvæði tilheyra þessum flokki. Nefnd skipuð af sjávarútvegsráðherra, sem ætlað var að kanna forsendur fyrir friðun viðkvæmra hafsvæða, hefur nýlega lokið störfum og m.a. lagt til friðun nokkurra kórallasvæða, byggt á rannsóknum Hafrannsóknastofnunarinnar.

**Aðgangur á fræðsluerindi HÍN er ókeypis og öllum opinn.**

## Næstu fræðsluerindi HÍN

Dagskrá fræðsluerinda á vegum HÍN liggur nú fyrir fram í febrúar á næsta ári.

Í nóvember mun **dr. Magnús Tumi Guðmundsson** jarðeðlisfræðingur á Jarðvísindastofnun Háskólans fjalla um *sprengigos í vatni og jökli, ísbráðnun og upptök jökulhlaupa*. Meðal annars mun Magnús Tumi spá í hvernig Kötluhlaup verða eins stór og raun ber vitni, en rannsóknir á Gjálpargosinu hafa gegnt lykiltríði þar að lútandi.

Í janúar ætla **dr. Magnús Jóhannsson** líffræðingur hjá Landgræðslu ríkisins að flytja erindi um *Uppblástur og landgræðslu á Grænlandi*. Hann mun segja frá fólki, fénaði og jarðvegsrofi og greina frá útflutningi Landgræðslunnar á þekkingu á stöðvun rofs.

Í febrúar mun **dr. Ólafur K. Nielsen** vistfræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands flytja erindið *Af fálkum*. Þar mun hann fjalla almennt um lífshætti fálkans og skreyta erindið ljósmyndum af fálkum eftir Jóhann Óla Hilmarsson og Daníel Bergmann. Jafnframt verða sýndar glefsur úr kvikmynd sem hinn góðkunnni kvikmyndagerðarmaður Magnús Magnússon er að vinna að um fálkann.

Minnt er á að fræðsluerindi HÍN eru jafnan haldin síðasta mánudag hvers mánaðar að desember undanskildum á tímabilinu september-maí, nema annað sé tekið fram í auglýsingum.

## Nýjar bækur um náttúrufræði

Stjórn HÍN vill vekja athygli félagsmanna á tveimur nýjum og vönduðum bókum um náttúru landsins sem vert er að eignast. Þetta er annars vegar bókin *Lagarfljót mesta vatnsfall Íslands* eftir **Helga Hallgrímsson** náttúrufræðing og hins vegar bókin *Hallormsstaður í Skógum* sem þeir ritstýra **Hjörleifur Guttormsson** náttúrufræðingur og **Sigurður Blöndal** fyrrverandi skógræktarstjóri.

### *Lagarfljót, mesta vatnsfall Íslands*

Í bók Helga Hallgrímssonar hefur verið safnað tiltækri þekkingu um náttúrufar Lagarfljóts, en margt er ennþá lítið eða ekki kannað og brátt er of seint að bæta úr því vegna fyrirsjáanlegra áhrifa af völdum Kárahnjúkavirkjunar. Rakin er saga veiðimála, samgangna og virkjunar, og loks er sérstakur kafla um Orminn og aðrar furður sem tengjast fljótinu.

Bókin er afrakstur margra ára vinnu Helga Hallgrímssonar náttúrufræðings á Egilsstöðum. Hún er 416 bls. með um 500 ljósmyndum, teikningum, málverkum og kortum. Flestar ljósmyndir eru teknar af höfundu og Skarphéðni G. Þórisssyni. Það er forlagið Skrudda ([www.skrudda.is](#)) sem gefur bókina út.

### *Hallormsstaður í Skógum*

Í bókinni sem Hjörleifur Guttormsson og Sigurður Blöndal ritstýra er fjallað um sögu og náttúru staðarins og um Hallormsstaðaskóg. Dregin er upp heildstæð mynd af náttúru skógarins og nánasta umhverfi hans og greint frá forvitnilegum rannsóknum á svæðinu síðustu hálfu öld. Auk lýsingar á landi og náttúruferi byggðarlagsins Skóga birtist lesendum splunkunýtt jarðfræðikort og fleiri uppdrættir. Þá er greint frá nýlegri fornminjaskráningu á svæðinu, gerð skil á sögu skógræktar á staðnum í heila öld og greint frá uppbyggingu skóla og ferðaþjónustu á staðnum svo fátt eitt sé nefnt.

Þetta er fjölskrúðugt rit bæði að efni og búningi, skipt í átta kafla og prýða það yfir 500 ljósmyndir frá ýmsum tímum og fjöldi korta og uppdráttar. Bókin er á fjórða hundrað blaðsíður. Það er Edda útgáfa ([www.edda.is](#)) sem gefur bókina út.